



Akraneskaupstaður

FUNDARBOÐ

**1379. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þriðjudaginn 26. september 2023 og hefst kl. 17:00**

Almenn erindi

1. 2005140 - Bjarg íbúðafélag - umsókn um stofnfr.lag 2020 - Asparskógar 3

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 14. september sl. fyrirbyggjandi samning Akraneskaupstaðar og Bjargs íbúðafélags hses. um stofnframlag til uppbyggingar á 24 íbúðum við Asparskóga 3 á Akranesi sem gerður er á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir og reglugerðar nr. 183/2020 sbr. fyrirbyggjandi úthlutun Húsnæðis- og mannvirkjarstofnunar um stofnframlag dags. 14. júní 2022.

Heildarstofnvirði framkvæmdarinnar er kr. 828.707.191 og stofnframlag Akraneskaupstaðar er 12% af þeirri fjárhæð eða kr. 99.444.863 sem gerð er krafa um endurgreiðslu á í samræmi við reglur laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og ákvæði reglugerðar nr. 183/2020.

Bæjarráð vísar samningum til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

2. 2303217 - Brú hses - Skógarlundur 42, stofnframlag vegna íbúðakjarna 2023

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 14. september sl. fyrirbyggjandi samning Akraneskaupstaðar og Leigufélagsins Brú hses. um stofnframlag til uppbyggingar á íbúðakjarna við Skógarlund 42 á Akranesi sem gerður er á grundvelli laga um almennar íbúðir og reglugerðar nr. 183/2020 sbr. fyrirbyggjandi úthlutun Húsnæðis- og mannvirkjarstofnunar um stofnframlag dags. 19. júní 2023.

Heildarstofnvirði framkvæmdarinnar er kr. 315.357.229 og stofnframlag Akraneskaupstaðar er 16% af þeirri fjárhæð eða kr. 50.457.157 sem gerð er krafa um endurgreiðslu á í samræmi við reglur laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og ákvæði reglugerðar nr. 183/2020.

Bæjarráð vísar samningum til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

3. 2209178 - Reglur um niðurgreiðslu vegna dvalar barna hjá dagforeldrum - endurskoðun

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum þann 20. september sl. endurskoðaðar reglur um niðurgreiðslu vegna dvalar barna hjá dagforeldrum og vísaði til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

4. 2302187 - Bjarkargrund 18 sólstofa - umsókn um Byggingarheimild umfangsflokkur 1

Umsókn lóðarhafa Bjarkargrundar 18 en lóðin er á ódeiliskipulögðu svæði.

Sótt er um byggingarleyfi til að byggja sólstofu 19,4 m² að stærð. Grenndarkynnt var samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 19. júlí 2023 til 26. ágúst 2023 fyrir lóðarhöfum nr. 16, nr. 17, nr. 20, nr. 22 og nr. 24 við Bjarkargrund. Eitt samþykki barst.

Skipulags- og umhverfisráð lagði til við bæjarstjórn Akraness að samþykkja áform um byggingarleyfi sbr. grenndarkynningu.

Allur kostnaður sem hlýst að breytingunni er á höndum lóðarhafa.

5. 2304150 - Höfðagrund 7 - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn lóðarhafa um breytingar á deiliskipulagi Sólmundarhöfða. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit um 18,2 m² við Höfðagrund 7. Fyrirhugað er að reisa garðskála við núverandi íbúðarhús. Nýtingarhlutfall lóðar verður 0,37. Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Frá 31. ágúst 2023 til 4. október 2023 fyrir fasteignaeigendum við Höfðagrund nr. 9, nr. 11, nr. 14, nr. 14A og nr. 14B. Samþykki barst frá öllum fasteignaeigendum og lauk því grenndarkynningu 11. september 2023.

Skipulags- og umhverfisráð lagði til við bæjarstjórn Akraness að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst B-deild Stjórnartíðinda.

6. 2308074 - Samningur um uppbyggingu á Sementsreit

Samningur Akraneskaupstaðar og Ísoldar ehf. varðandi uppbyggingu á Sementsreit.

Lögð fram til endananlegrar ákvörðunar bæjarstjórnar Akraness.

13. 2306093 - Aðalfundur Faxaflóahafna sf. 30. júní 2023

Fundargerð aðalfundar Faxaflóahafna frá 30. júní sl.

Leiðrétt fundargerð lögð fram til kynningar.

Fundargerðir til kynningar

7. 2301002 - Fundargerðir 2023 - bæjarráð

3542. fundargerð bæjarráðs frá 14. september 2023.

8. 2301004 - Fundargerðir 2023 - skóla- og frístundaráð

223. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 20. september 2023

9. 2301003 - Fundargerðir 2023 - velferðar- og mannréttindaráð

211. fundur velferðar- og mannréttindaráðs frá 19. september 2023.

10. 2301005 - Fundargerðir 2023 - skipulags- og umhverfiráð

276. fundargerð skipulags- og umhverfiráðs frá 11. september 2023.

277. fundargerð skipulags- og umhverfiráð frá 12. september 2023.

11. 2301019 - Fundargerðir 2023 - Orkuveita Reykjavíkur

335. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 22. maí 2023.

336. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 31.maí 2023.

337. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 26.júní 2023.

338. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 14.ágúst 2023.

12. 2301031 - Fundargerðir 2023 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar

932. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 8. september 2023.

933. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 18. september 2023.

22.09.2023

Haraldur Benediktsson, bæjarstjóri.